

# Fréttabréf

## Hörgárbyggðar

1. tbl., 7. árg., 13. janúar 2007 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

### Hunda- og kattaeigendur

Skv. samþykktum um hundahald í Hörgárbyggð og kattahald í þéttbýli í Hörgárbyggð eru hunda- og kattaeigendum í sveitarfélaginu skylt að senda fyrir 1. febrúar ár hvert staðfestingu til sveitarstjóra um að dýrin séu ábyrgðartryggð.

Þá er hundaeigendum skylt að framvísa fyrir 1. febrúar vottorði um að hreinsun hafi farið fram.

Samþykktir um hundahald og kattahald í Hörgárbyggð eru á heimasíðu sveitarfélagsins, undir "Stjórnsýsla" og síðan "Reglur". Hunda- og kattaeigendur er hvattir til að fylgja samþykktunum í hvívetna.

### Húsaleigubætur

Sækja þarf um endurnýjun á húsaleigubótum fyrir árið 2007. Til að hægt sé að greiða húsaleigubætur fyrir janúar um næstu mánaðamót verður skrifleg umsókn um endurnýjun að berast skrifstofu Hörgárbyggðar fyrir 25. janúar 2007. Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Hörgárbyggðar, undir auglýsingar (vinstra megin).

### Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: [horgarbyggd@horgarbyggd.is](mailto:horgarbyggd@horgarbyggd.is).

Veffang: [www.horgarbyggd.is](http://www.horgarbyggd.is)

# Um áramót

Á árinu 2006 lauk fyrsta fjögurra ára kjörtímabili sveitarstjórnar Hörgárbyggðar eftir sameininguna sem tók gildi 1. janúar 2001. Vinna við að sameina stjórnarsýslu hreppanna sem sameinuðust byrjaði auðvitað strax og hélt svo áfram á síðasta kjörtímabili, m.a. var sett á fót sérstök skrifstofa fyrir sveitarfélagið og ráðinn fyrsti sveitarstjórinn. Í góðri samvinnu allra aðila hefur stjórnarsýsla hins nýsameinaða sveitarfélags verið í góðu horfi frá byrjun. Það skyggði á góðan árangur síðasta kjörtímabils að Helga A. Erlingsdóttir sveitarstjóri veiktist alvarleg í lok þess. Hún hefur síðan verið undir læknishendi og náð allgóðri heilsu. Henni eru þokkuð vel unnin störf sem fyrsti sveitarstjóri Hörgárbyggðar með von um að hún nái fullum bata.

Í kosningunum í maí 2006 hurfu fjórir sveitarstjórnarmenn úr sveitarstjórn Hörgárbyggðar, þar af þrír mjög reyndir á því sviði. Ármann Búason var síðasti oddviti Skriðuhrepps og sat alls 32 ár í sveitarstjórn, Sturla Eiðsson sat alls í 28 ár í sveitarstjórn og Klængur Stefánsson var alls 16 ár fulltrúi í sveitarstjórn. Sigurbjörg Jóhannesdóttir sat í sveitarstjórn frá vori 2002 og var varaoddviti sveitarstjórnar síðari þrjú ár kjörtímabilsins.

Þegar flett er fundargerðum sveitarstjórnar Hörgárbyggðar á árinu 2006 kemur glögglega í ljós að árið hefur verið starfsamt og árangursríkt. Hér verða nefnd örfá mál sem voru á borði sveitarstjórnar á árinu. Til að kynna sér hin fjölmörgu önnur mál sem til umræðu voru, vísast í fundargerðir sem birst hafa hér í fréttabréfinu og eru þar að auki aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

## Skipulagsmál og Staðardagskrá 21

Á árinu 2006 fór fram mikil stefnumótunarvinna vegna skipulagsmála og Staðardagskrár 21. Í janúar var haldið íbúáþing um drög að Staðardagskrá 21 og hún var síðan afgreidd af sveitarstjórn þann 10. maí. Um er að ræða velferðaráætlun sveitarfélagsins til næsta áratugar. Hún er metnaðarfull með mörgum áhugaverðum verkefnum.

Unnið var í lotum á árinu að gerð aðalskipulags fyrir Hörgárbyggð. Á fyrri hluta ársins komst sú vinna á gott skrið og var svo tekin upp aftur í haust eftir hlé í vor og sumar. Gert er ráð fyrir að í febrúar 2007 verði almenn kynning á drögum að fyrstu útgáfu að aðalskipulagi Hörgárbyggðar. Skipulagsráðgjafi aðalskipulagsins er Yngvi Þór Loftsson hjá Landmótun í Kópavogi.

## Viðbygging leikskóla

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2006 var ákveðið að á árinu yrði reist viðbygging við leikskólann Álfastein sem hafði verið þéttsetinn um skeið og biðlisti hafði myndast. Um mitt ár voru teikningar tilbúnar og hægt að hefjast handa. Samið var við Kötlu ehf. um að reisa húsið og skyldi því lokið fyrir áramót. Það tókst ekki, en gert er ráð fyrir að það verði tilbúið til notkunar í næsta mánuði.

## **Hlíðarbær**

Á árinu var Hlíðarbær málaður að utan og skipt um þakjárn á aðalsal. Áður var búið að skipta um járn á öðrum hlutum hússins. Í haust hafa endurbætur á húsinu haldið áfram. Unnið var að því að setja nýtt loft í aðalsal og klæða vegg hans með eldtefjandi plötum. Samhliða þessum endurbótum, sem halda munu áfram á árinu 2007, verður skipt um loftræstikerfi og rafmagnstöflu, en núverandi búnaður stenst ekki kröfur. Markmiðið með endurbótunum er að styrkja Hlíðarbæ sem vettvang fyrir ýmiss konar fundi og ráðstefnur.

## **Frárennismál Skógarhlíðarhverfis**

Frárennismál Skógarhlíðarhverfis hafa verið til skoðunar um skeið, þar sem brýnt er að koma þeim í betra horf en nú er. Á árinu gerðu Hörgárbyggð og Akureyrarbær samkomulag um samstarf við að leysa þau mál, þar sem líka þarf að gera sérstakar ráðstafanir í frárennismálum athafnasvæðis og byggðar nyrst á Akureyri. Verkfræðistofa var fengin til að gera úttekt á hagkvæmni þess að byggja dælustöð fyrir frárennsli frá svæðinu beggja vegna Lónsins. Niðurstaða á liggja fyrir nú í febrúar.

## **Gásir – lifandi miðaldakaupstaður**

Á árinu 2006 lauk 5 ára fornleifauppgreiftri á Gásam. Úrvinnslu hans er hvergi nærri lokið, en með honum voru staðfestar fyrri niðurstöður um mikilvægi staðarins sem verslunarstaðar á miðöldum. Að áliti þeirra sem best þekkja til liggja miklir möguleikar til atvinnusköpunar í því að gera miðalda-kaupstaðinn Gása að áhugaverðum ferðamannastað. Á haustdögum óskaði Héraðsnefnd Eyjafjarðar eftir því að Hörgárbyggð tæki að sér stjórnslu verkefnisins, sem fyrst um sinn felst í því að móta framtíðarfyrirkomulag fyrir uppbyggingu og rekstur staðarins, ásamt því að hafa umsjón með byrjunarframkvæmdum á svæðinu. Gerður var samningur við Akureyrarbæ og Minjasafnið á Akureyri um þetta mál, sem felst aðallega í því að tryggja fjármagn til umsjónar með verkefninu á árinu 2007. Nú um áramótin eru um 10 millj. kr. til ráðstöfunar til framkvæmda, og eru þó ekki komin svör frá öllum sem leitað hefur verið til í því sambandi.

## **Úrgangsmál**

Meðhöndlun úrgangs (sorps) á Eyjafjarðarsvæðinu hefur nokkuð verið til umræðu á undanförunum árum, bæði vegna nýrra reglna þar um og vegna þess að núverandi urðunarstaður á Glerárdal mun verða fullnýttur innan fárra ára. Um mitt ár tilkynnti Akureyrarbær að bærinn mundi ganga úr byggðasamlaginu sem hefur haft með þessi mál að gera fyrir hönd sveitarfélaganna, Sorpeyðingu Eyjafjarðar. Um svipað leyti kom fram áhugi nokkurra matvælaframleiðslufyrirtækja á að reisa jarðgerðarstöð fyrir lífrænan úrgang, þar á meðal slátur- og fiskúrgang. Þetta er sá úrgangur sem veldur mestum erfiðleikum í rekstri hefðbundinna urðunarstaða, svo að ef vel tekst til um jarðgerð hans er þar líklega komin hagkvæmasta leiðin á því sviði. Þegar þetta er skrifað er ekki ljóst hvernig þessum málum reiðir af.

- framhald á næstu síðu

- framhald af næstu síðu á undan

Mikilvægt er að flokkun og endurvinnsla úrgangs frá íbúum og fyrirtækjum í Hörgárbyggð, eins og annars staðar, verði sem allra mest, þannig að kostnaðarsamari meðhöndlun, eins og urðun og/eða brennsla, verði sem minnst.

## **Nýr forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar**

Í árslok sagði Helgi Jóhannsson, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar á belamörk, upp starfi sínu eftir 14 ár, eða alveg frá því að Íþróttamiðstöðin opnaði. Í hugum margra var Íþróttamiðstöðin og Helgi eitt og hið sama. Hann byggði upp starfsemi hennar og var þar allt í öllu, sérstaklega lengi framan af. Íþróttamiðstöðin hefur verið þekkt fyrir hlýlegt viðmót og snyrtimennsku, auk þess hversu sundlaugin er alltaf heit og notaleg. Helga er þakkað allt hans starf við Íþróttamiðstöðina og óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Við starfi Helga tók Lárus Orri Sigurðsson, sem þekktastur er fyrir að hafa verið atvinnumaður í knattspyrnu í Englandi í 10 ár.

## **Íbúafjölgun**

Þann 1. des. sl. reyndust íbúar Hörgárbyggðar alls 411 og hafði fjölgað um 12 á árinu 2006. Það er 3% fjölgun, sem er mesta hlutfallslega fjölgunin í sveitarfélagi á Eyjafjarðarsvæðinu á árinu og þó víðar væri leitað. Þau sveitarfélög í nágrenninu sem næst komast voru með 2% fjölgun á árinu. Þessi íbúapróun í Hörgárbyggð er framhald þeirrar þróunar sem verið hefur undanfarin ár. Hún er vissulega ánægjuleg, en setur enn meiri þrýsting en áður á að gerð aðalskipulags sveitarfélagsins ljúki sem fyrst svo að unnt verði að mæta þeirri eftirspurn sem er eftir lóðum fyrir íbúðarhús og atvinnurekstur í sveitarfélaginu, svo að það megi enn vaxa og dafna.

Undirritaður kom til starfa hjá Hörgárbyggð á síðari hluta ársins og hefur átt mjög gott samstarf við sveitarstjórn, fulltrúa í nefndum, starfsmenn sveitarfélagsins og stofnana þess og aðra íbúa sveitarfélagsins. Það er ánægjulegt að starfa með eins samhentum hópi og hér er. Þetta góða samstarf er hér með þakkað með bestu óskum um gleðilegt nýtt ár.

**Guðmundur Sigvaldason**

**Næsti söfnunardagur á heyrúlluplasti**

(baggaplasti)

**er 15. janúar 2007**

**Fundur í sveitarstjórn Hörgárbyggðar**

**er 17. janúar 2007**

Dagskrá fundarins mun liggja fyrir síðdegis 15. janúar á skrifstofunni og heimasíðu sveitarfélagsins